

# Fréttabréf Síðuskóla

2. bréf - september - skólaárið 2021-2022

## Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Skólastarfið er komið í fullan gang og fer vel af stað. Eins og við öll vitum þá höfum við þurft að takmarka heimsóknir foreldra í skólann vegna covid og viljum við þakka ykkur þá tillitssemi sem þið hafið sýnt. Það hefur eflaust ekki verið auðvelt, að geta ekki fylgt börnum sínum betur úr hlaði inn í skólaárið, ekki síst þeim nemendum sem eru nýir í skólanum. Við viljum því hvetja ykkur til að hafa samband við umsjónarkennara í tölvupósti eða símleiðis ef eitthvað brennur á ykkur sem nauðsynlegt er fyrir okkur að vita. Þetta er verkefni sem lagt var upp í hendurnar á okkur öllum og í sameiningu verðum við að takast á við það. Við biðjum ykkur einnig að hafa samband við skólann ef covid einkenni/smit gera vart við sig í fjölskyldunni, það er alltaf gott að vera skrefi á undan ef gera þarf einhverjar ráðstafanir í skólanum. Við verðum öll að leggjast á eitt til að láta skólastarfið ganga sem allra best og börnum líði vel.

Við munum hafa hafa haustfundina með sama sniði og var á síðasta skólaári. Umsjónarkennarar munu núna í september senda kynningu heim eða halda fjarfundi.

Í næstu viku verður gönguferð þar sem nemendur og starfsfólk ganga efri Glerárdalshring sem oft er nefndur stífluhringur. Farið verður með rútum upp á Súlubílastæði. Nemendur í 1.-5. bekk verða sóttir en eldri nemendur labba til baka í Síðuskóla. Gönguferðin er upphaf þemaviku þar sem unnið verður með loftlagsmál sem er þemað okkar í Grænánaverkefninu og einnig upphaf átaksins **Göngum í skólann** en á meðan því stendur eru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann.

*Leiðarljós okkar er að vinna saman, ná árangri og gleðjast!*

Með góðri kveðju!  
Ólöf, Malli og Helga



## Á döfinni

### 8. september

Dagur læsis

### 9. september

Gönguferð hjá öllum skólanum - stífluhringur í Glerárdal

### 10.-17. september

Umhverfisvika Síðuskóla

### 16. september

Dagur íslenskrar náttúru




26. september

Evrópski tungumáladagurinn

## *Nemendur í 8.-10. bekk á leiksýningu í Hofi*

Síðastliðinn þriðjudag bauð Þjóðleikhúsið nenemendum í 8.-10. á leiksýninguna *Vloggið*. Sýningin fór fram í Hofi, en hún er hugleiðing um vinnáttu, misgóðar forvarnir og youtube.



## *Breytingar á samræmdum prófum*

Mennta- og menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að grunnskólanemendur, í 4., 7. og 9. bekk, geti tekið ný hæfnimiðuð samræmd könnunarpróf vorið 2022. Hefðbundin samræmd próf verða því ekki lögð fyrir þessa nemendur þetta haustið. Ný hæfnimiðuð samræmd könnunarpróf taka við í vor.



## *Innlit í 2. og 4. bekk*








## Útíkenntsla í list- og verkgreinum

Kennarar í skólanum hafa verið duglegir að nýta sér góða veðrið síðustu daga. Til að mynda fóru list- og verkgreinakennarar með nemendur á miðstigi út í garð og kenndu þar í veðurbliðunni í vikunni.

Nemendur lærðu að tálga, bökuðu lummur, myndskreyttu steina, máluðu útitafl og smíðuðu taflmenn.

[Hér eru fleiri myndir.](#)



## Göngum í skólann

Gönguferð í Glerárdal þann 9. september nk. verður upphaf átaksins *Göngum í skólann* en það stendur yfir frá 9. september til 6. október. Meðan á því stendur eru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann. Ásamt því að hvetja til virks ferðamáta er markmiðið að auka færni nemenda í að ferðast á öruggan hátt í umferðinni, fræða þá um mikilvægi hreyfingar og um leið minnka umferð og mengun í kringum skólann. Ávinningurinn er gríðarlega mikill og mikilvægt að hvetja börnin til þess að hreyfa sig og tileinka sér sem öruggastan ferðamáta til og frá skóla.

## Reiðhjól og hjálmar

- Nemandi sem kemur hjólandi í skólann gerir það á ábyrgð foreldra/forráðamanna sem meta færni barnsins og aðstæður á hjólaleiðinni. Skv. 44. grein umferðarlaga mega börn yngri en níu ára ekki hjóla á akbraut án leiðsagnar og eftirlits aðila sem hefur náð 15 ára aldri. Þar af leiðandi getur skólinn ekki mælt með að þeir nemendur komi á hjóli í skólann nema í fylgd fullorðinna.
- Samkvæmt umferðarlögum er börnum yngri en 16 ára skylt að nota reiðihjólshjálmar.



*Ákvörðun er foreldra og á ábyrgð þeirra.*



## *Umhverfissáttmáli Síðuskóla*

### **Við nemendur og starfsmenn Síðuskóla:**

1. Berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar og sýnum það í verki.
2. Nýtum alla hluti vel og spörum.
3. Flokkum, endurvinnum og forðumst notkun einnota umbúða.
4. Sóum ekki mat.
5. Drögum úr mengun og notum umhverfisvænar vörur og samgöngumáta.
6. Lærum að þekkja áttaga okkar, nánasta umhverfi sem og perlur í íslenskri náttúru.
7. Umgöngumst jörðina í anda sjálfbærar þróunar.

## *Heimsóknarreglur í skólann*

Foreldrar og aðrir gestir eru vinsamlegast beðnir um að ganga inn um aðalinngang við íþróttahús og þaðan beint til ritara ef þeir eiga nauðsynlegt erindi í skólann. Gestir skulu spritta hendur í forstofu áður en lengra er haldið. Einnig er hægt að hringja í síma 462-2588.





# MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Ágúst/september

|           |              |                                                          |
|-----------|--------------|----------------------------------------------------------|
| 24. ágúst | þriðjudagur  | Fiskur í raspi, smælki, kokteilsósa, grænmeti, ávextir   |
| 25. ágúst | miðvikudagur | Hakk, spaghetti, tómatsósa, grænmeti                     |
| 26. ágúst | fimmtudagur  | Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti                 |
| 27. ágúst | föstudagur   | Skyr, brauð, álegg, ávextir                              |
| 30. ágúst | mánudagur    | Pylsupasta, brauð, grænmeti                              |
| 31. ágúst | þriðjudagur  | Fiskréttur, hrísgrjón                                    |
| 01. sept  | miðvikudagur | Svínasnitset, sósa, kartöflustappa, meðlæti              |
| 02. sept. | fimmtudagur  | Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir                           |
| 03. sept  | föstudagur   | Makkarónugrautur, brauð, ávextir                         |
| 06. sept  | mánudagur    | Bleikja, kryddkartöflur, grænmeti, ávextir               |
| 07. sept  | þriðjudagur  | Tortilla, kjúklingur, sósur, grænmeti                    |
| 08. sept  | miðvikudagur | Hakkbollur, pasta, sósa, grænmeti                        |
| 09. sept  | fimmtudagur  | Orly fiskur, franskur, kokteilsósa                       |
| 10. sept  | föstudagur   | Blómkálssúpa, súpubrauð                                  |
| 13. sept  | mánudagur    | Kjúklingabuff, hrísgrjón, sósa, salat                    |
| 14. sept  | þriðjudagur  | Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa, ávextir         |
| 15. sept  | miðvikudagur | Steiktur kjúklingur, kryddkartöflur, brún sósa, grænmeti |
| 16. sept  | fimmtudagur  | Fiskur í raspi, kartöflur, sósur, rúgbrauð, grænmeti     |
| 17. sept  | föstudagur   | Mjólkurgrautur, slátur                                   |
| 20. sept  | mánudagur    | Vorrúllur með kjúklingi og grænmeti, hrísgrjón, salat    |
| 21. sept  | þriðjudagur  | Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir              |
| 22. sept  | miðvikudagur | Lambasnitset, kartöflur, smjör, meðlæti                  |
| 23. sept  | fimmtudagur  | Gratíneraður fiskur, hrísgrjón, grænmeti                 |
| 24. sept  | föstudagur   | Skyr, brauð, álegg, ávextir                              |
| 27. sept  | mánudagur    | Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir                           |
| 28. sept  | þriðjudagur  | Tortilla, nautahakk, sósur, grænmeti                     |
| 29. sept  | miðvikudagur | Fiskréttur, hrísgrjón, grænmeti                          |
| 30. sept  | fimmtudagur  | Mexikóskur kjúklingaréttur, grænmeti                     |



Einkunnarorð í ágúst og september

# Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

*„Við erum stundvís“.*

